

Haustfundur Beta deildar 19. september 2013 á Húsavík.
Mættar voru 18 konur.

Lagt var af stað frá Icelandair hóteli með Sérleyfisbílum Akureyrar og Gunnari rútubílstjóra. Lá leiðin austur til Húsavíkur. Þar tóku á móti okkur þær Betasystur Hanna og Guðrún. Við byrjuðum á að heimsækja Design factory sem er hönnunarverkstæði í eigu Arnhildar Pálmadóttur. Þá gengum við yfir í handverkshúsið Kaðlín og skoðuðum einnig þar ýmislegt handverk og varning sem þar er til sölu. Eftir þessar skoðunarferðir fórum við heim til Hönnu og þáðum þar léttar veitingar sem þær stöllur Hanna og Guðrún buðu uppá. Eftir spjall og hlátur heima hjá Hönnu fórum við á veitingahúsið Gamla bauk og borðuðum þar dýrindis mat. Eftir máltíðina var síðan formlegur fundur hjá Beta deild.

1. Setning fundar.
2. Fundargerð síðasta fundar lesin.
3. Orð til umhugsunar.
4. Erindi frá stjórn.
 - a. Kynning á dagskrá vetrar
 - b. Niðurstöður kosninga frá lokafundi kynntar og kosning endurtekin á lið nr. 5.
5. Önnur mál.
6. Happdrætti.
7. Fundi slitið.

1. Jónína setti fundinn og Þorgerður kveikti á kertum. Hún bauð Minnie hjartanlega velkomna til okkar í Betadeild en hún var áður í Kappadeild. Jónína skilaði einnig kveðjum frá þeim konum sem ekki gátu komist á fundinn.

2. Fundargerð síðasta fundar lesin með örlítilli breytingu.

3. Orð til umhugsunar María Gunnars var með orð til umhugsunar og ákvað að syngja. Hún flutti lagið Haustvísa. Lagið er eftir Ernu Tauro og sænska ljóðið gerði Tove Jansson sú sem skrifaði um múmínsnáðana. Aðalsteinn Ásberg þýddi ljóðið. Erna Tauro fæddist í Viborg í Finnlandi 1916 í sænskumælandi hlutanum. Hún fluttist síðan til Helsingi og var hirðtónskáld í Lilla teatern í Helsingfors sem þótti til tíðinda þar sem hún er kona! En lagið Haustvísa er hennar þekkasta lag.

4. a) Jónína kynnti vetrardagskrána og ákváðum við að sameina stjórnsmál og félagsmál og fá til okkar Svanfríði Jónasdóttur til að fræða okkur um þau mál á næsta fundi sem stjórnin sér um í Brekkuskóla. Vetrardagskráin var samþykkt með smá breytingu.

4. b) Á lokafundi í vor þar sem kosið var um tillögur útbreiðslunefndar um starfsreglur vegna inntöku nýrra félaga var niðurstaðan jöfn þ.e. á 5. lið, þeim sem fjallar um form kosninga/tillögu um að fá nýjar konur í deildina og hvort hún eigi að vera opin eða leynileg. Því þurftum við að kjósa aftur um þann lið. Niðurstaðan var sú að B-liðurinn á kosningaseðlunum sem segir, að kosning um tillögur að nýjum konum verði leynileg, var samþykkt með 14 atkvæðum gegn 4 sem vildu að kosningin yrði opin. Eftir kosninguna ákvað Ingibjörg Auðuns að segja sig úr útbreiðslunefndinni og þökkum við henni gott starf í nefndinni til þessa.

Deildinni hafði borist tvö bréf annað frá Helgu Thorlacius sem vill segja sig úr Betadeild og ganga í Gammadeild og hitt var frá Jónu Benediktsdóttur formanns Iota-deildar á Ísafirði sem segir að Marta Lilja Olsen vilji komast í Betadeildina okkar. Við fögnum hverri konu sem vill koma til okkar en okkur finnst það óþarfa vesen að konur sem eru í samtökunum þurfi svona langt ferli ef þær vilja skipta um deildir.

Þá barst beiðni frá landssambandforseta um að fá konu í samskipta -og útgáfunefnd. Eina konu úr Betadeild og tvær úr Mýdeild. Þessi nefnd gefur m.a. út fréttabréf samtakanna. Jónína hvatti okkur til að hugsa málið og láta sig vita ef einhver hefði áhuga.

Önnur mál: Ingibjörg Auðuns spurði um Margréti Alberts og hvernig henni liði og stakk uppá að við myndum gera eitthvað fyrir hana. Margrét er í hvíldarinnlögn á Hlíð og var ákveðið að ein kona myndi fara með Ragnheiði Stefánsdóttur í heimsókn til hennar.

Þorgerður bað Minnie að kynna sig og var farinn hringur þar sem hver og ein kona kynnti sig einnig fyrir henni í fáum orðum.

Að lokum var happadrætti og pyngjan góða látin ganga. Sigríður Magnúsdóttir fékk vinninginn í þriðja sinn!

Jónína þakkaði fyrir góðan og skemmtilegan fund, Hönnu og Guðrúnu fyrir sitt ágæta heimboð, Ernu og Gunnari fyrir rútuna og Möggu fyrir frábæra ferðaleiðsögn á leiðinni austur.

Fundi slitið kl. 22:00.

Fundagerð ritaði:

María Gunnarsdóttir